

Alþingi
Nefndasvið (atvinnuveganefnd)
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópaskeri 13.05.2012

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um verndar og orkunýtingaráætlun – Mótmæli við tillögu um að setja Gjástykki í verndarflokk.

- Því er mótmælt að háhitasvæði í Gjástykki sé sett í verndarflokk í tillögunni, þvert ofan í áform sveitarstjórna og landeigenda. Tel ég að Gjástykki eigi að fara í nýtingarflokk til samræmis við ákvæði í gildandi skipulagsáætlunum.
- Gildandi svæðisskipulag, sem er staðfest af umhverfisstjórnunum, gerir ráð fyrir þeim möguleika að nýta 2,45 % af landssvæði Gjástykkis til allt að 50 MW orkunýtingar.
- Svæðisskipulagið var unnið í tengslum við fyrirætlunir um orkuppbyggingu í Þingeyjarsýslum sem ríkisstjórnin átti aðkomu að.
- Niðurstaða faghópa rammaáætlunar leiddu ekki til þeirrar niðurstöðu að setja ætti Gjástykki í heild í verndarflokk.

Undirritaður hefur skoðað þingsályktunartillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun. Ég er ósáttur við þá niðurstöðu að Gjástykki í Þingeyjarsýslu fari þar í verndarflokk, þvert á stefnu sveitarfélaganna þriggja sem Gjástykkissvæðið tilheyrir.

Verði að óbreyttu samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun sem gerir ráð fyrir heildarverndun Gjástykkis fer sú ráðstöfun í bága við gildandi svæðisskipulag, samþykktu og staðfestu löngu fyrir gildistöku laga um verndar- og orkunýtingaráætlun sem einstaklingar og lögaðilar höfðu réttmætar væntingar til og kunna að hafa byggt ákvarðanir sínar á.

Ég lít ekki svo á að uppbygging virkjunar í Gjástykki spilli gildi svæðisins fyrir upplifun fólks sem það heimsækir, heldur þvert á móti auki það upplifunina að sjá hvernig beisla megi öfl náttúrunnar til hagsbóta fyrir íbúa. Hingað til hefur umferð ferðamanna um svæðið verið óveruleg, en með bættum samgöngum vegna virkjunar myndi svæðið verða sýnilegt og auðfært almenningi.

Þess vegna skora ég á Alþingi að hafna tillögunni í núverandi mynd en virða þess í stað tillögu óháðra sérfræðinga frá því í júlí 2011. Sú tillaga sætti sjónarmið verndunar og nýtingar á fordómalausán hátt og var unnin af virðingu fyrir náttúrunni og mannum sem hluta af henni.

Jón Grímsson kt,190648-2309 Boðagerði 8 Kópaskeri.
Áhugamaður um sjálfbæra auðlindanýtingu og fordómalausá náttúruvernd.